



Reglur foreldraráðs og foreldrafélags Hnoðrabóls

1. grein

Foreldraráð leikskólans Hnoðrabóls starfar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Í foreldraráði eiga sæti 4 fulltrúar og 1 varamaður.

Foreldraráð fer einnig með stjórn foreldrafélags Hnoðrabóls en aðild að foreldrafélaginu eiga allir foreldrar/forráðamenn barna í leikskólanum Hnoðraból.

2. grein. Aðalfundur og kosningar.

Aðalfundur foreldraráðs skal haldinn í september ár hvert. Þá skulu kosnir fulltrúar til setu í foreldraráði til tveggja ára í senn og varamanns til 1 árs. Til skiptis ganga út einn eða tveir fulltrúar á hverjum aðalfundi. Kjörnir fulltrúar taka sæti í foreldraráði þegar að kjöri loknu. Kjörtímabil er frá aðalfundi til aðalfundar.

Kosningarétt hafa foreldrar/forráðamenn allra barna í leikskólanum.

Til kjörfundar skal boðað með a.m.k viku fyrirvara. Óska skal eftir tilnefningum til ráðsins tímanlega og í síðasta lagi í fundarboði aðalfundar.

Á fundinum skal foreldraráð gera grein fyrir starfsemi sinni á liðnu starfsári. Skýrsla foreldraráðs skal birt á vef skólans.

3. grein. Þagnarskylda.

Foreldraráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera samkvæmt lagaboði eða af brýnni nauðsyn með samþykki allra fulltrúa foreldraráðs.

4. grein. Hlutverk.

Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans.

Foreldraráð fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi með velferð barnanna að leiðarljósi.

5. grein. Fundir foreldraráðs.

Fulltrúar í foreldraráði velja sér formann og skipta með sér verkum á fyrsta fundi hverju sinni.

Hlutverk skulu vera: Formaður, gjaldkeri og ritari.

Foreldraráð heldur fundargerðarbók. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu leikskólans.

6. grein. Foreldrafélag.

Félagsgjald í foreldrafélagið er kr. 4.000. Félagsgjaldi má breyta með samþykkt meirihluta fundarmanna á aðalfundi og greiðist fyrir fyrstu tvö börn á heimili, séu börn fleiri er ekki greitt fyrir þau.

Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barnanna með því að styrkja samskipti foreldra og starfsfólks leikskólans og leggja hagsmunum barnanna lið innan leikskólans. Í þessu felst m.a. samvinna foreldra og starfsfólks leikskólans varðandi fræðslufundi, leiksýningar og aðrar uppákomur.

Einn fulltrúi foreldra situr í umhverfisnefnd Grænfána verkefnisins.